

Göprún dimmblá skráir
mál litlu kjaftforu völvu

Óðsmál in fornu

ISBN 978-9935-409-40-9

4. ISBN 978-9935-409-03-4

Þjóðvitnir Ullur Heimdallur

að láta glepjast
vítahringurinn
bál þekkingar


Göia goði, Óðsmál,
<http://www.mmedia.is/odsmal>
frejukettir@mmedia.is; odsmal@mmedia.is



Norræn menning

+354 694 1264; +354 552 8080

-Hæ!



Ég er kominn!



Ég vil hafa titilinn svona:



Þjóðvitnir

Ullur Heimdallur

Svona skilja menn okkur bezt.



Hér eru skilningarvitin 5 að elta beituna mína.



Heimdallur er þarna hægra megin á teikningunni þar sem heitir Himinbjörg,

milli Baldurs (Breiðabliks) og Freyju (Fólkvangs),
Ullur í Ýdölum vinstra megin, milli Freys (Álfheima) og Þórs (Þrúðvangs),
skv. Grímnismálum Einars.

Svolítið illa teiknað hjá mér. Afsakið.

Hér er betri mynd af helmingi dýrahrings.



Heimdallur í Himinbjörgum hjá Freyju Fólkvangi vinstra megin, Ullur hægra megin milli Þórs Þrúðvangs og Freys Álfheima.
Hér er hinn helmingurinn, ekki til umfjöllunar hér og nú, en um hann kemur síðar í hinum ýmsu skræðum:



Himalaya (þar sem snjórinn er) Himinbjörg

Heimdallar, næsta merki við Breiðablik Baldurs.

Ýdalir Ulls við hlið Álfheima Freys.

Þeir eru best geymdir þarna uppi,

en ég er alveg niðri á jörðinni -- og skemmti ykkur hér.

Þetta er langtum skemmtilegasta skræðan í rununni, **skræða 4. !!**

Ég er svo skemmtilegur. Sannið til.

Ég hef frekar stórar myndir hér, ekki þessi frímerki sem eru í hinum 39 skræðunum,

hef almennilegar myndir, enda verður skræða **4** þá allra skræðna feitust og fyrirferðarmest.

Ef þessi skræða verður þykkust, er það til að sýna að ég er svo fyrirferðarmikill í ykkar lífi. Táknrænt.

Það gengur allt út á launsagnir hér og nú, svo þetta passar inní markaðs-setninguna hjá mér. Táknrænt og flytur dulin skilaboð. Allegoría. Launsögn. Ég er svona dularfullur karakter, raunar ekki til, og allir fræðingar að brjóta heilann um hlutverk mitt í þeirra lífi.

Ekki rugla mér saman við Fenri því hann er illur óbundinn. Aðal-úlfur. (16., Týr og Fenrir.)



ég hef bara litla mynd af Fenri.

Hann er svo vitlaus, greyið. Áhrifagjarn. Fitnar af illsku mannanna.

Í Járnsviði fæðir fenris kindir er það að hún bætir á eldinn, segir Helgi Hálfðánarson í Maddömunni, svo ekki fer sögum af afkomendum Fenris -- sem betur fer.

Fenrir er leiðindapúki og lífshætturlegur vegna árásasgirni manna. Getur brotist út sem styrjaldir og hamfarir. (16., Týr og Fenrir; 36., þanþol náttúrunnar)

Ég er hins vegar skemmtanafrík.

Þjóðvitnir gæti þýtt „mikið vit“; þjóð- getur verið til áherzlu, svo sem í þjóðráð, og -vitnir hinn vitugi skynsami vitigæddi fjölkunnugi göldrótti. Þjóðvitugr.

Vitnir getur líka þýtt sverð, held ég. Ekki verra, drengur!

-Ég er telpa, ekki drengur.

-Vonandi samt drengur góður, völva smáa -- he he hí hí

Mér verður alldrei svara fátt. Er með munninn fyrir neðan nefið.

Þjóð is folks, or as an emphasis a chief-something, vitnir is a wolf, a wisard, or a sword.

Ég er sko heimsfyrirbæri svo ég slæ um mig á ensku einsog íslenskir heimskir þykjustuheimsmenn gera, sýndaruppar, vo vo fínt að slá um sig á ensku á börum á sólarlandaströndum, þótt enginn af barþjónunum þar skilji ensku.

Gúllash-brandari

(skýring: á dönsku var nýríkur montrass kallaður gúllash, því þessi gúllas-réttur er oft plat-fínerí, kássa með dótabitum í):

Strákur kom inn í búð. Þar var kona í fokdýrum pels. Strákurinn hvíslaði stundarhátt: Gúllash.

Og nýríka (óuppdregna) konan leit illilega á stráksa og spýtti útúr sér frekar lágt:

-Hold kjæft, dreng.

Þá brosti strákur útað eyrum og sagði: -Vidste jeg ikke!!!

Ég kann brellur -- á sviðum skilningarvitanna.

Þið vitið ekki að ég er til.

Og þið treystið skilningavitunum ykkar.



Þeir sem iðla sóast eru ekki ginkeyptir fyrir mínu fíneríi, sogast ekki inn í veraldar-dans Gunnanna,

en þeir sem lifa á yfirborðinu eru sko mínir menn, mínir kúnnar.

Það eru þessir hægra megin á myndinni með svört gleraugu og grunna hugsun.

Þeir sleppa Glæðheimum, en lifa á hinu skrautlega yfirborði lífsins,


vita oft ekki sitt rjúkandi ráð, og rjúka úr einu í annað í leit að hamingju.

(Vinstra megin á teikningunni er einherji, sem er búinn að fatta að hamingjan er í Glæðheimum, ekki í dótarínu mínu í verslu. Ég er búinn að missa þá upp fyrir.)

Þjóðvitnir, **ég**, hinn ofsaklári notfærir sér mannanna mistök þau að skilningarvitin nema allt hið veraldlega, og að menn sjá ekki nauðsyn þess að tengjast uppruna heimsins, ginnungagapi, með því að fremja valkyrju.

Þetta er mitt stóra opinbera business-leyndarmál!

Allt í lagi að segja frá því, þar eð minn markhópur er blindur á eigin blindu!!!



löngun myndast, radja-Gunni fer úr

böndunum, hugurinn fær það sem hann gírnist,
og meira vita hinir ósvinnu ekki.
Vita ekkert um tæra hugsun,
ekkert um ginnungagap og uppruna Gungnis.
Gott mál. Er á meðan er fyrir mig!!!



Valkyrja er eina gjörðin sem ekki bindur, en það vita ekki allir menn, og kunna ekkert á þetta valkyrjugaldrabráll.

enda er það tímasóun, finnst mér, þegar hægt er að lifa lífinu í glingri og gamni;



ég framleiði alls konar gúmmí- Valkyrjur sem virka ekki, og sumir eru að eyða tíma í að rembast við að nota þær.



Rembast við að ná Glæðheimum, en rembingur virkar alls ekki. Bara skemmir fyrir. Gerir mér gagn, því ég held þeim áfram á veraldarsviðinu.

Það að fremja valkyrju, alvöru tækni sem virkar, er jafngamalt mannkyninu. Valkyrjan fæddist um leið og mannkynið.



Ohhhh, þær eru svo fallegar þessar valkyrjur. Maður bara alveg lekur niður!



Enda eru þær eina gjörðin sem ekki bindur. Minn bissetur gengur allur útá það að binda menn í gjörðafækjunni.



sammóha (hægra megin frjáls einherji)

kaama काम er gaman, kaamasútra gamanmál

en ég á það til að leggja allt útá verri veg,
svolítið klúr stundum (sorry)



ein af uppáhaldsmyndunum mínum úr ádeilubókinni
Dekameron, deka hemeron, 10 dagar/nætur/sólarhringar



प्रज्ञापरध pradñjna aparadha, mannleg greind gerir mistök, dettur útúr samhengi.

अपर अपara, af, rangt, móti, afturhluti, óæðri endi,



sbr. Aber-witz, eitthvert allsherjar heimsins rugl,

Hin tæru skilningarvit eru hvítir hestar fyrir vagni Ardjúna sem Krishna stýrir.




Shrimad Bhagavad gíta.

Krishna er ekillinn, vagninn búkurinn,
og þá er táknmálið að brahm er ekill mannsins, skiljið þið?

Þetta folk er ekki minn markhópur.
Búinn að missa það uppfyrir,
en raunar var það mínir menn í þar-milljónir ára, í fyrri lífum, fyrri æviskeiðum.



eru menn á dýrastiginu menn???



reiði öfund ágirnd

Hér sjáið þið mig með framboð fyrir skilningavitin (t.v. á myndinni með handvagninn)

Fyrir neðan vínrauða strikið er Paradís Gymisgarðar dýrastigið.

Á vínrauða strikinu standa Óður Hæninir Lóður (hægra megin, gulir) og eru í vandræðum,

því þeir sem fæðast menn í fyrsta sinn eru algjörir apar á dýrastiginu, maður!!

Heimdallur stendur fyrir in tæru skilningarvit með því að heyra grasið gróa og það allt. (26.)


Er þá ekki hér og nú búið að afgreiða Heimdall í þessari 4.skræðu?

-- Beztu bókinni af þessum 40?

svo restin getur verið um mig,
kannski smá um Ull pull skíta rull.

-En er ekki óheillaspor og ávitull á heilsutjón og vesen, Þjóðvitnir, að vera skemmtanafrik og detta útúr réttu ferli, eind-þríend-eind-þríend,

í प्रज्ञापरध? pradnja aparadha?



Vitsmunir gera mistök, fara útaf réttu ferli.

-Jújú, litla kjaftfora.

En gaman í hasarnum meðan það fattast ekki.

Raunar sóun á heilli ævi að fatta ekki til hvers verið er að lifa henni!!!

Raunar er Skírnir að reyna að útskýra þetta fyrir Gerði í Skírnirmálum, en hún fattar ekkert hvað hann er að segja. (8. skráða.)

Hún er sko minn maður á svæðinu, vaðandi í Gymisgullinu og hefur enga þörf fyrir leiðinda Vani og svoleiðis væmið andans píp.



Gerður í gullinu skilur ekki andleg verðmæti.

Hún veit ekki einu sinni að hodd goða er til!!!

Hvað þá að hún hafi nokkra þörf fyrir svoleiðis andlegheit sem enginn skilur.

En að vísu svindlar Skírnir til að ná henni frá mér með því að nota þurs og ópola ópa tópa tjösul og svoleiðst brellur með galdravendi og tamsvendi.

Ég kalla þetta nú bara andlegt ofbeldi

--- og óheiðarlega samkeppnihætti.

Auk gylliboða með gylltum eplum til að reyna að glepja Gerði frá skilningarvita-gullinu.

Auðvitað er þetta með hrímpursana og geitahlandið satt og rétt.

Menn fara bara til andskotans þegar þeir lifa í Gymisgullinu eingöngu.

En hverjum er ekki sama?? Ha??

Kannski er hægt að hóta trúgjörnum ríkum manni með helvíti og láta hann gefa pening sem syndakvittun, en Gerði verður ekki haggð með hrímpursa- og geitahlandshótun, enda gáfuð norræn kona

-- nema beita tamsvendi líka.

Það nota ég í málsókn gegn Skírni.

Fer í samkeppnieftirlitið með þetta.

Jæja,

en gaman er í hasarnum meðan ekki fattast að veraldlegt líf er næringarlaust og tilgangslaust án Freys og svoleiðis rugludalla.

Enda er hann Leppalúði í krakkasögunum um jólin, greyið. (8., 21.)

Þessir snarbiluðu menn í Gymisgarðagullinu nota svo bara alls konar aðrar ástæður sem blóraböggla þegar þeir bila.

Ég er ekkert að tala illa um minna viðskiptavini með þessu, því þetta er þeirra líf og yndi.

Þeir skilja ekki það að þetta er mistök sem vitsmunir gera þegar þeir falla útúr ferlinu (3. skræða, þríendir) ginnungagap-ÓðinnViliVéi.

(Verið ekkert að skoða 25. skræðu um að sóast og nema upp fimbulrúnir, né reyna að fatta þríendina Óðin Vila Véa (í 3ju skræðu).)

Ekki fyrr en menn eru komnir í Valhöll (30.), verða Sága (18.), sjá þeir hvað er ósvinna og hvað er tær svinnur.
Nógur tími,
margar ævir þangað til,
og tímapressa eingyðjistrúar á iðrum og betrumbót hefur engin áhrif -- nema þegar menn eru í andaslitrunum,
kannski, svona aðeins.

Skilningarvitin ótær eru leiðin til streitu og vandræða.
I adore the five senses, which are the gateways to stress.

(Verið ekkert að sjá 31. skræðu um tært taugakerfi og vígslu;
það skemmir bara fyrir mér og mínum bissness.)

Hjákrót Goprunar:

*Aths: Þjóðvitnir stendur hér fyrir það
að við sjáum efni og orku,
en ekki okkar innsta eðli.*

Ég veit ekki hvort það kemst til skíla í þessum orðavaðli og þrugli.

Lilta völva segir:

-Þessi skræða heitir: **Þjóðvitnir Ullur Heimdallur**
og Ullur og Heimdallur verða að fá aðeins rúm hér líka.



Þjóðvitnir : -vööö ! ókei, þá það:

OK, segi þér frá þeim:


Ullur í Ydölum er óvinur minn, því hann er að uppljóma menn -- mína menn.

Heimdallur í Himinbjörgum á sitt gjallarhorn,
er greinilega meistari sem hefur fíngerðasta uppruna skilningarvitanna á hreinu,
sér (er sjáandi) -- í dýpstu merkingu orðsins,
og heyrir grasið gróa og ullina vaxa.
Hann sér og heyrir hið fíngerðasta.

Heimdallur hefur þann eiginleika sem er langtum djúpstæðari en það sem menn
kalla skilningarvitin sín.
Skilningarvit nema skilningarvitanna glingur í verslu. Þetta skapaða.

Því fer oft fjarri að allir menn skilji hvað undir liggur allri tilveru.

Þeir sjá aðeins að skilningarvitin 5 bera huganum allt sem hönd á festir -- og meira til.



meira dótarí, veraldarfus

(Verið ekkert að sjá 26. skræðu um höfuðskepnurnar og skilningarvitin samsvarandi.)

Menn sem halda að svið skilningarvitanna (--og tækjanna sinna sem eru framlenging þeirra--) nemi allt, vita ekki að það er aðeins hið skapaða sem þeir eru að pæla í. Efni og orka í Gunnadansinum.
Í hæsta lagi hið fíngerðasta skapaða á mörkum þess veraldlega og óskapaða.


Particle experimentalists eru að verða safngripir sem úreltir vísindamenn,
en er á meðan er fyrir mig,
meðan þeir fatta ekki að þeir eru að rannsaka hverfult fus veraldar eingöngu.

Heimdallur í Himinbjörgum sem forseti náttúrulögmála er á miklu miklu dýpri sviðum merkingar en þessir blessaðir vísindamenn sem eru að eyða ævinni í rannsóknir á efni og orku í veröld.
Þeir eiga það til að gleyma Heimdalli Gullintanna.

(Ferlega er þetta asnalegt viðurnefni, maður!!! gullin-tanni!!!
skyldi þetta vera hugsað sem gull eða að gjalla gala góla?)

Heimdallur er hið tærasta svið og uppruninn að baki skilningarvitanna..

Því getum við teiknað Heimdall og Þjóðvitni út frá tærleika manna eins og hér er gert málinu til útskýringar.



mína og fara að sjá.

einn og einn gægjast uppfyrir hana Maayuu

-Þjóðvitnir! Hvað er:

* vítahringurinn sem hinn ósvinni maður er fastur í,
 * markhópur Þjóðvitnis svo þankalaus sem þorskur gleypir strauma,
 fiskur Þjóðvitnis,
 * tvíveðrungur og andstæður á sviði Gunnanna þriggja, veröld,
 og * skilningarvitin að plata heilann, hugann og greind manna?

(Litla kjaftfora völva spyr hér Þjóðvitni, og hann er sko kjaftfor svo, að litla völva verður engill í samanburði við þann vaðal sem hér kemur á eftir.)

-Hver ertu, Þjóðvitnir?

-Ég?

Ég er, sko, eiginlega mistök, skulum við segja, ha ha ho ho hí hí he he.
 Geind manna geirir mistök.
 Mannlegir vitsmunir láta platast!!

Ég er hvorki ærlegur né kindarlegur, he he.

-Þú hlærð.

Ég skil þig ekki, Þjóðvitnir.

-Þetta er svo fyndið.

Það er tilgangurinn, bjánavölva litla. Fyndið plat af

maayaa माया

Þetta er hún Maya vinkona mín.
 Maayaa er raunar kærastan mín.
 Hún hjálpar mikið.

When is a fish a bridge, spyr Eysteinn vinur minn í Investigation of Grímnismál (2000) um brúarsporðinn sinn.

Ég kem einsog heiðskír þjófur að nóttu á flóttu af ótta að stela Gróttu frá Fróða og Fenju og Menju. Og svo bara mala ég þar til allt sekkur.

Menn halda að víthringsminnið sé Mímir (13.), og halda að ég sé Dallur gullintanni vinur minn, Heimdallur hinn skilningarvitatæri,


en heim dall er víst hlutar heims, ekki endilega bjartur dallur, heldur deildir og á dönsku: del, dele, hlutar. Værdens dele, segir C.A.Holmboe (29.).

Þá e.k. deildastjóri í Alheimsfyrirtækinu fína.



Þjóðvitnis víthrings fræ minnis er annað en Mímis minni. (13.).

Víthrings fræ er dulin ómeðvituð löngun í gjörðafækjunni.



Mímir, smriti, fræ minnis (13., Helia, Mímir; 40., endurheimt minnið) er að muna að maðurinn er ginnungagap.

Minni í víthring er dulinn drifkraftur vanhugsaðra framkvæmda.


Svo ég segi að minni sé gott,
því enn hafa mínir kunnar ekki nema víthrings fræja minni.

Svínvirkar,
þangað til Ullur óvinur minn kemur með bál þekkingar.

Oh!!! hann er svo leiðinlegur gaur. Önduráss.
Brunar á skíðum um fjallatoppa vitundar.



úl bál Ullr उल्लू



menn taka sko með sér nesti að heiman,
ævi eftir ævi eftir ævi
hverfa í fjall og fæðast á ný
og þetta bláa milli æva, á myndinni hægra megin, er Helja milli æva (sjá 13.).

-Ég skil þig ekki, Þjóðvitnir.

-Misskilningur er mitt ævistarf og ær og kýr.
Ekki ærlegur en kýrskýr.
Er það ekki spaugileg tilvera að vera bara að stríða fólki?
Draga menn á asnaeyrunum í glingri sem skilningarvitin nema?


Og vera í raun ekki til !!!
heldur standa bara fyrir mistök manna?

He he hí hí ho ho he he !

Enginn frýr mér vits en meir er ég grunaður um græsku.
Hún er slík að markhópurinn minn sér ekki í gegnum hana.
Mér er svo skemmt, ljúfan mín sæt og fín.


Ég sortera markhópin í
Nífl þoku,

og Völsa kynæsta,
ég missi smátt og smátt þá sem verða Huginn og Muninn (30.).



efst Huginn og Muninn (30.)

flognir upp í himinvitund, bara sí sona.
í miðjunni fiskar til að veiða, þ.e. ósvinnir menn,
þetta græna táknar dýrastigið.




svona vitundarþroska-skali sem Rígur notar (í 11. skráðu)



Huginn og Muninn, yógin og múnih, योगिन् मुनि:


eru orðnir einherjar, og dvelja í Valhöllu (30.).
Valhöll er fyrir sprellifandi menn á háu vitundarstigi.

Einherjar ganga um með bros á vör og eru varðir gegn áreiti skilningarvitanna,
þannig



að þeir flækjast ekki í veraldarfusinu mínu,
aðeins njóta þess. Ganga um á jörð í svon fus-verjum

En það fæðast alltaf nýir apar.
Einkum var svo meðan kali-yuga var.



Askur og Embla eru manntré í fjörunni.
Adam og Eva drösla paradísargirðingunni með sér upp í mannlíf. Það teikna ég
svona sem græna girðingu.



mannkyninu.

Valkyrjan er jafngömul

Ég er afburðasnjall á skilningavitanna sviði /leiksviðinu mikla,
iðandi völlum og sléttu Vígríðar, þar sem:

- * hið eina vissa er óvissa,
- * hið eina örugga óöryggi,
- * hið eina sem alltaf er þar fyrir víst: sífelld breyting.

Hér er efni og orka, sem eiginlega er ekki hægt að henda reiður á.

Og Gunnarnir þrír: Sattva Radja Tamah (3. þríendur), eiginleikar náttúrunnar, (36.)



sem fæstir sjá við. Þeir stjórna öllu hér í verslu.

(3ja skræða um þríendur, 36. um móður náttúru.)

Og það þýðir ekkert að fara í mál við mig þótt ég standi fyrir vörusvikum -- ekki frekar en við einhvern reiðan og afbrýðisaman og duttlungafulnan tækis-Guð.

Sko:

ef hann reiðist og hefnir,

og ef biskupar rífast um hvort hann ýti snjóflóði af stað og drepi fólk, eða hvort

hann ýti ekki snjóflóði af stað til að drepa fólk,

þá er þetta tækis-Guð.

Getur dána fólkið farið í mál við „Hann“ fyrir að ýta snjóflóðinu á það?


O, nei.

(spássiukrot Goprunar: *tekið skal fram
að Þjóðvitnir ber sjálfur alla ábyrgð á
hér framsettum skoðunum sínum.
Engin ritskoðun er hér, og viðmælendur
hafa frjálsar hendur og tungu.*)

Djöflatrú kom með svona Guðveldi, og það finnst mér alveg hrottalega skemmtilegt fyrirbæri, kona!

Hægt að gera alla taugaveiklaða, t.d.,

-- eða fá einhverja til að rífast yfir hvort djöfullinn sé til eða ekki, þessi djöfull.



Eitt svarið í rökræðu var: -þú sérð nú bara hvernig hann er búinn að fara með þig!

He he ha ha hí hí ho ho! Bráðsnjallt svar!

Reynið bara að fara í mál við djöfsa fyrir hvernig hann er búinn að fara með sálirnar!

Semsagt: þegar fólk trúir ekki á Satan, þarf að reyna að telja því trú um að það sjái djöfulinn ekki af því að það sé svo gersamlega haldið djöflinum!!!


Bara orðaleikur og gagnsæ brella. Hringapvæla.

Ég er svolítið að reyna að nota svona rökleysu í mína markaðssetningu. Gengur bara vel.

Djöfsi! Það tekur enginn mark á honum hér norður í rassi. Þjóðsögurnar höfðu hann alla tíð að háði og spotti. Alltaf hægt að leika á hann. Hann er svo vitlaus, greyræfillinn. Veslast upp í kuldanum hjer norðufra.

Eina góða við hann var að það var hlýtt í kotinu hjá honum -- og sem slíkt tilhlökkunarefni - þegar þar að kæmi.

Fyrst, í Þjóðsögunum, voru það vitkar og seiðskratar sem léku á kölska, en svo var því breytt í að prestar lékju á hann. Alla vega alltaf hægt að leika á hann, selja sína sál, og ná henni aftur með klækjum þegar búið var að fá kölska til að gera sig að fífl.



Maður getur hoppað og trampað og hann vaknar ekki því hann er ekki til !!

Nú hver andskotinn! Er hann þarna enn!!!!



Bonk bonk!

getur maður ekki fengið svefnfrið hérna fyrir þér, Þjóðvitnir sjálfumglaða fífl?

-Úbbsí !!

Ég hélt hann væri bara uppspuni !

Djöfsi búið til úr tívar, deva, devata,

skratta á sænsku hlæja, seiðskrati seiðkarl verður seiðskrati

fía (fjá) hata verður fíandi (lh.pt.) fjandi, (einsog léa verður ljá, séa sjá),

fjári,

andskoti, sá sem er að skjóta á móti manni, andskotar mínir óvinir,

óvinurinn,

satan vo vo virðulegt, og hlýtur að vera vo vo flott, því það er á úllabúllamáli sem enginn hér norðurírassi skilur.

Lúsífer, ljósberi, sá sem færir ljósið, varð allt í einu myrkrahöfðingi!

Lux ljós.

Djöfsi þöfsi skíta röfsi er bara grýla og er ekki til.

Ég fer ekki ofan af því.

Ekki rugla pradnja aparadah (/mistake of the human intellect) saman við að verið er að hræða menn með helvíti sem er ekki til.

Víst allt að fara á hausinn hjá honum.

Ég sé um hlýnunina, en kölski stefnir í kólnun stofnanatrúar. Harðnar í ári á þeim árans bæ árans.

Fólk fær núorðið að taka með sér timburhús, bækur, símaskrána, allan eldsmat, skv. nýjustu auglýsingunni.

Hreinsunareldurinn er gersamlega farinn á hausinn skv. nýjustu páfabullu.


Lagður niður. Lagðist niður. Lognaðist útaf.

(Ekki náðist í satan vegna þessara ummæla til að fá hans skoðun.

Sjálfvirkur helvítis svari: -þú hefur náð, það kortslúttaði, símtöl verða hleruð í röð, ef þau berast, síðustu verða fyrstir, fyrstu síðastir.)

-Hvernig vörusvik, Þjóðvitnir, hvað kemur meintur tækis-Guð þessu máli við, og hvað meinarðu eiginlega?

-O, ég hef svo gaman af þessu öllu saman; sennilegasta skemmtilegasta vinna í heimi hér.



og vita ekkert annað!!!

ha ha he he hí hí ho ho

Menn eru á kafi í mér,

Verst að ég skuli ekki vera raunverulegur til að njóta þessa í tætlur og ræmur og strimla og kurl!!

Jafnvel er tvíveðrungur í nafninu mínu,

þjóð (kannski áherzluorð)

og vitnir (kannski sverð, kannski úlfur, kannski sá klári).

Vitugr vitigr skynnsamur viti gæddur fjölkunugur göldróttur.

Ég er das Schauspiel. Óborganlegur!

Kæraðan mín er **माया** Maayaa, en hún er ímyndun ein.

Ekki raunveruleg frekar en ég. Menn sjá hana og elska hana útaf lífinu!

Skilningarvitin mata svo heila manna á sjónarspílinu.

Það er þeirra hlutverk og hugurinn er sólginn í skemmtun.

kaama kaama gaman gaman **काम काम**


Menn kalla það gleði, en vita ekki að svoleiðis óvaranleg hverful gleði er ekki sama og varanlega Glaðheimagleðin.

Sú varanlega gleði í Glaðheimum Óðins (vitundar) er glaumur þannig að maðurinn gleymir sér sem einstaklingi. „Alminni“ um uppruna sinn. Ekki algleymi.

Og ég passa uppá að mínir kunnar fatti ekki Glaðheimaglauminn.

Svona veraldargleði, sem ég býð uppá, er hverful og völtust vina sem fé.

Svo verður algjört sálrænt dúndur þegar veraldarhamingjan stingur af án fyrirvara. Það gerir hún alltaf einn góðan veðurdag í vondu sálarveðri.




Hér er rútsíbaninn minn, ofsakæti og algjör bömmur.

Að hendast upp og niður í viðjum ósvinnunnar. Bondage of matter, sko. (Ég er klár í hinu málinu, því í samkeppninni er allt í tvítýngi.)

Eitthvað gaman og fólk verður ofsakátt (uppsveifla)

eitthvert leiðinlegt atvik og fólk fer í algjört leiðindakast (niðursveifla, dúndur)

Þetta er að vera í viðjum efnisheimsins.




Nánnar tiltekið, ljúfan:

Efni og orka, tími og rúm, er það sem við köllum veröld eða verund.



Allir rífast um bitann,
sá sterkasti og frekasti fær mest.



Menn sækja í spennuna, og það hleður inn streitu.

Svo hafa menn skilningarvit, 5 skilningarvit,
og með þeim nema þeir þetta veraldarundur allt.

Með þeim, auk fokdýrra tækja sem eru framlenging skilningarvitanna, svo sem smásjáa, stjörnuvísir, magnara, bylgjutölumæla o.fl. svoleiðis dótars, tækja til að sjá hið allra smæsta innan efnisagnar, en Particle Experimentalists komast aldrei að kjarna málsins með leikföngum sínum. Þeir sem þannig dýrustu leikföng uppá milljarða dollara eiga eru aldeilis góðir með sig.

En efnið er hverfult og alls ekki nema skrautsýning. Hversu smátt sem þeir fara komast þeir aldrei innfyrir efnið og kvarkana og skammtana!!

-Þú talar í véfréttastíl, Þjóðvitnir,
eða amk. verðurðu að útskýra ósatt efni, ha?



-Nei nei, vísindi, mín spurula.

Eru vísindin véfrétt?

Sannleikann nema menn ekki með skilningarvitunum, né heldur með flottu græjunum sínum, mín litla völva með bjánalegu spurningarnar þínar. Var þetta véfréttastílslaust svar?

Né heldur völvur með tölvum.



Little silly völva.

The word tölvu for computer is made from töl- (pertaining to numbers, figures, a calculator) and -völva (she who predicts and knows). Icelanders love to make new icelandic words, so-called nýyrði (new-word) instead of implementing words from foreign languages.

(Völvan er orðin þínupons ópolinmóð, því svörin sem hún fær eru sundurlaus og óhnitmiðuð. Litla völva finnur að hún skilur ekki allt, en hún veit að tilgangur Þjóðvitnis er að rugla fólk, plata fólk og draga það á asnaeyrunum. Hún reynir að slá um sig með ensku einsog viðmælandinn:)

-I am called the little impudent völva, because I do ask straight-forward and intelligent questions, Þjóðvitnir

Ég er að spyrja gáfulega, Þjóðvitnir. Ertu að stríða mér?



-Nú, þetta er vinnan mín, drengur, -- eh, tel þu drengur góður!

Ég geri ekkert annað!

Sjáðu bara hve skilningarvitin teyma þig á asnaeyrunum, kelli mín.



The five senses, which are the gateways to stress.




Skilningarvit elta veraldarfeegurðina (26., höfuðskepnur og skilningarvit)
Þau mata hugann, heilann,
-- sem er óseðjandi í hinum ósvinnu mönnum.

Hugurinn trúir öllu sem skilningarvitin færa honum.
Þau eru á þönum við að kæta hugann með öllu draslinu.
Þetta er tívólíð mitt.



sá sem hafnar Ulli,

-- vill ekki sóast -- er minn maður.
Hann er staðnaður á þróunarbrautinni,



meðan sá sem fremur sína valkyrju er á hraðleið í Valhöll á heimfúsum klári.




Hér eru glerperlur frá víkingatíma, sem fundust við uppgröft á lóð Suðurgötu 3-5. Blaðamaður tekur fram skoðun: Hér er varla mælieining í núlistir dagsins, svo hrifinn er hann af skrautinu forna.





Afsteypur af fornari gripum
í Þjóðminjasafni Íslands
Copies of ancient ornaments
in the National Museum of
Iceland

Hér er afsteypa af fornu skrauti:

Ég er svo líka með bænir og tilbeiðslu og trú, sem eru snuð og róandi glingur, og eru á veraldlegu sviði hugsana og tilfinninga. Óþíum í lýðinn. Þetta gefur góðan pening og mikið fjör í bissetsum, alls konar rifrildi um rétt og rangt



og mikið kaupæði, og sumir þykjast hafa pottþétt rétt fyrir sér.




Það er svona hárarkí-stofnanir, sem framleiða menn með réttar skoðanir, og þeir fá pening oft úr vasa skattborgara.



Rétt og rangt er til dæmis pottþétt fyrirbæri í sköpuðu veröldinni,

því þetta eru andstæður og tvíeðli og eilífur tvíveðrungur og óáreiðanleiki. Slíkt þrífst aðeins á mínu markaðssvæði. Gunnarnir þrír eru mínir menn.



rútsíban gleði og sorgar, uppa-flugs og bömmers.



tvíveðrungur, tvíeðli




andstæður og tvíeðli alls,

í hinni sköpuðu veröld.

द्वितीयाद्वै भयं भवति dvítííyaad vai bhaym bhvati

tvíeðli tvíveðrungur tvískinnungur veraldar, veldur æ ótta.

Ég hef ótakmarkað framboð af eftirsóttu efni fyrir skilningarvitin




(sjá 3., þríindir) og Radja-Gunni fer úr böndunum þegar menn fá ekki það sem þeir sækjast eftir.

Loki er alltaf að gera tilraunir. Klúðra og redda.



Loki, nýfarinn að fæðast sem maður.

Svona er mannfólkið sem ekki er komið í Valhöll.
Hveðrungs burr svolítið vanþroska og vanþróaður.



Þessi er að prenta peningaseðla, og segir að það sé prentfrelsi í landinu.

Loki Loptur og Býleistur bróðir hans eru svona eitthvað í menningararfinum sem hægt er að finna allegoríu, launsögn, í.

Loki kannski í grugginu og Loptur mannkyn á fíngerðari sviðum.
En Býleistur greið?
Ég veit nú ekkert hvað hann er að þvælast í þessu samhengi á sokkaleistunum.
En hann er alltaf að þvælast um einsog mennirnir, og gæti táknað svona tilgangslaust ráf þeirra um Vígríðarsléttu, um borg og bý og bull.

Ég hlýt að geta notað Býleist eitthvað í sambandi við markaðssetninguna.



þarf að velta því fyrir mér og athuga flöt á því máli. Hugsa stíft.

Við getum sagt að Loki sé minn maður, vaðandi í glingri skilningarvitanna,

og þegar hann sé orðinn Loptur sé hann Heimdallar maður, kominn á fíngerðari svið vitundar.

Þá kem ég Býleisti fyrir sem ráfara mín megin á skilningavitagabbinu. Á sokkaleistunum kannski, ha? Um borg og bí og allt fyrir bí.

Grikkir gerðu sér grein fyrir svona mismunandi vitundarþroska



Glæsilega komið til skila.

Þór og Loki eru elstu og þekktustu -- og glæsilegustu -- drag-drottingnar Íslands, og alls heimsins, þyrjandi um ljósvakann í þrumuvagni, Þór öskuillur frá því að hann vaknaði og síns hamars of saknaði, Loki að reyna að redda, augu Þórs öndótt, rafmögnuð af æsingi.




Ég á ekki góða mynd að þeysireið dragdrottninganna um himin á leið til Þryms, því miður, en læt hér Þór og Sif, og svo getið þið sjálf ímyndað ykkur gay pride múnderinguna á Þór og Loka, og pústrandi hafrana á þeysireið.

-Þjóðvitnir ! Þú ert ekki enn farinn að svara spurningunni minni um vítahring gjörða, og hvernig gleymd fræ minnis, jafnvel frá fyrri æviskeiðum, eru kveikjan að nýrri hugmynd!



-Og ég get sossum sagt þér framleiðsluleyndarmál fyrirtækisins, litla asnalega völva, því það eru alltaf nógir viðskiptavinir þótt einn og einn sjái í gegnum vörusvikin og sé að reyna að blaðra um það við hin fíflin.

Ég var sjálfur að reyna að hanga á vingameiði eða vindgameiði í nætur allar 9, en þar sem ég hef ekki taugakerfi, skilaði það engu. Ég bara hékk og hékk.



þar til ég fékk hausverk.


Ætlaði að sóast og ná sælu Sólar sælu (17.);



en það eru nú svo margir menn sem eru að rembast við þetta en hafa ekki rétta tækni sem virkar.



rembast og rembast og ekki gengur rófan,



moka myrkri í myrkri.

Vita bara ekkert annað, greyin.

Sumir þykjast vera vo vo píus og helgir, en það er bara útlit og yfiboð!! Þykjustu.



Hafa ekki lífað ginnungagap í sínu

lífi, aðeins talað um eitthvað í þá áttina.



Sumir bera byrðar og þykir mjög fínt,



sumir demba öllu subbi í drottins skaut.

Allur gangur á þessu.

Bölverkur er svo hryllilega bölverkjalega skotinn í Gunnlöðu, blessaður karlinn.
Drekkur miklu meira en maginn þolir úr Són og Boðn, þriggja náttu drykkja!



blóðmör, blóði eða bla bla

getur varla flogið með fulla vömbina af kvasis



ælir öllu inn í Ásgarð

nema hvað skáldfífla hlutur spýtist sem ræpa útum óæðri endann -- það sem sumir drekka sem skáldamjöld!!!



Auðvitað þurfti að þvo allt í

Ásgarði -- öy barasta. Fjaðurhamurinn allur í subbi. Bölverkur frekar timbraður.

Bragi var settur í að búa til flotta sögu um þetta vesen allt.



Hann lagði hausinn í bleyti og sagði að arnarhamurinn táknaði stoltið sem Bölverkur hefði sigrað við að sækja skáldamjöðinn.

Bragi bjargaði Bölverki útúr þessari hneisu allri með skáldsögu sinni.



Ég segi nú bara I + B eru kærustupar. Iðunn er alltaf að gefa Braga eplin góðu, svo hann er alltaf sami krakkinn.

Annars verð ég að viðurkenna að Loki og Bragi saman er hækkað þroskastig Loka



(blái brosandi dallurinn er Boðn eða Són eða blóð Kvasis, skáldamjöðurinn sem Gunnlöð geymir.)




Bullandi skáldamjöðurinn.



Hér er ræpan gripin í kopp hinna ósvinnu, sem halda að þeir viti allt, en eru í Nifl- (þoku) og Völsa-hópunum mínum.




Blessuð litlu dýrin lifa aðeins eftir sinni náttúru. Þau geta ekki annað.




ísl.póstkort, mynd af ísl.rebba



og litlu sætu úlfarnir svangir í snjónum




JeanDuFresne






Þetta er steinn, ekki dýr !!!
Þarna sérðu hve brellinn ég er.

Ha ha! gabbaði þig!



Veiði þig sem fisk



Hér er Hermes, sendiboði guðanna, með heimatilbúinn radar, þyrluvængi og landakort -- að villast í þoku. Hann tyllti sé aðeins á turn til að ná áttum



og síðan eru allir Gabríelarnir hafðir á kyrkjuturnum. Svona verður vitleysan til.

Veiztu að Jesú fann upp sturtuna?

Mamma hans var alltaf að segja: -Jesú minn, farðu oní baðið, vertu ekki alltaf að labba svona á vatninu. Hann vildi ekki gera mömmu sína leiða. Hann var alltaf svo góður.



Þú veizt að Skotar eru svo nízkir, ha?



skoizkur jólapappir sem notaður er jól eftir jól.



tartan

Einn skoizkur pabbi leyfði krökkunum sínum ekki að taka bréfið utanaf sleikjó. Lét þau sleikja pappírinn til þess að brjóstsykurinn eyddist ekki.

Þá framleiddi ég bara pappírslausan sleikjó, því annars var engin sala, og



tannlæknarir atvinnulausir.

Ég lét sleikjóinn kosta silfur-farthing, en það var mjög dýrmætur peningur í Skotlandi.

Veiztu hvers vegna?



Það var nefnilega betlibaukur í kyrkjunni, en ekki þótti við hæfi að gefa kopar-penní, eða kopar-hai'penny eða kopar-farthing, og enginn tímdi að gefa silfur-shilling eða silfur-halfacrown. Silfur-farthing var minnsta mynt sem slegin var í silfur !!!

Ég sá þetta þegar ég var munkur í gamni mínu.
Það var tröllslega leiðinlegt.
Ég mátti ekki tala!!
Hvernig á ég að geta þrífist ef ég má ekki tala???!!!



Oh!! þarna kemur Skaði skír brúður goða!!



Oh oh oh oh



Baltasars mynd (frummyndin er í lit; hluti)



ég stendst þetta ekki.

Einu sinni var Eir að reyna að róa karl sem var stressaður.



Eir fattaði að ég var að æsa hann

Ég æsti hann og æsti, -- þar til



og ég bara koðnaði niður þegar Eir kom.
Þessar gyðjur eru svo æðislegar, hafa svo mikið vald yfir mér!



Draga úr mér allan mátt !!!

Þessar gyðjur bara alveg fara með mig.
Allur máttur úr mér dreginn við nærveru þeirra.
Oh, þær eru svo fallegar, og eitthvert dáleiddandi geislandi segulsvið í kringum
þær sem ég bara ræð ekkert við.

*-Ætlaður ekki að útskýra fyrir okkur vítahring gjörða og hugmynda að
nætsu gjörð?*

-Voðalega ertu þver og þrá og frek, litla kjaftfora völvu.

Geturðu aldrei hætt að spyrja sömu spurningarinnar aftur og aftur.
Er ekki nóg að ég er skemmtilegur? Fer á kostum í bröndurum hér !!
Brandarar eru mín hjólabretti !!



Jæja,
ég get sossum sagt þér bissnessleyndarmálið mitt.
Það fæðist alltaf nóg af ósvinnum öpum, þótt einhverjir fatti trixið.




hér er leyndarmálið:



Vítahringurinn
Vítahringur gjörða, áhrifa þeirra, nýrra hugmynda, framkvæmdar.....

Dúllurnar neðst á vítahring myndinni hjá mér (hjá fræjaskúffunni í hjartanu) tákna ævi eftir ævi eftir ævi.

Sko: maður fær hugmynd -- sjá neðst á vítahring,
hrindir henni í framkvæmd -- vinstra megin,
hún lukkast eða lukkast ekki, einsog gengur,
maðurinn verður ofsakátur eða ofsaleiður -- efst með koppinn,
verðlaunabikarinn,
hann heldur að málinu sé lokið,
en svo er ekki -- hægra megin á vítahring, fræ spíra í hjartanu,
því smáminni eða áhrif gjörðarinnar sitja eftir í hugarfylgsnum mannsins,
áhrifin af þessari framkvæmd hugmyndar setja sitt mark á manninn,
pínulítið falið fræ minnis,
hann veit ekki af því,
og þessi yndislega slepja er dulinn hvati
sem litar og hefur áhrif á næstu hugmynd mannsins, --- neðst á vítahring
hugmynd -- sem hann heldur þó að sé splunkuný og góð hugmynd --
er ekki nema að hluta ný,
eitthvað sem hann heldur að sér hafa bara dottið í hug af snilld sinni
litast af því sem er að spíra innan hans, ómeðvitað, dulið,
maðurin fer á stað og hrindir hugmyndinni í framkvæmd,
hún lukkast eða lukkast ekki, svona einsog gengur og gerist,
hann verður ofsakátur eða ofsaleiður,
hann heldur að málinu sé lokið,
veit ekki af fræi sem er sáð vegna áhrifa verknaðarins,
og þannig áfram og áfram í Gunnadansi framkvæmda,
sem eru ekki nýjar ferskar hugmyndir nema að hluta,
heldur ómeðvitað áhrif fyrri gjörða.....




vondra gjörða vítahringur.

hugmynd, (sem er lituð ómeðvitað af fyrri gjörðum manns)
framkvæmd hugmyndarinnar,
afleiðing framkvæmdarinnar, (etv hausverkur og böll)
áhrif af gjörðunum sitja eftir í hjartanu, spíra í laumi í skúffunni minni,

og þau lita næstu hugmynd (sem maðurinn heldur að sé splunkuný, en er það sko alls ekki því hún stjórnast af áhrifum fyrri gjörða, ómeðvitað))

Dúllurnar neðst á vítahring Smyndinni hjá mér (hjá fræjaskúffunni í hjartanu) tákna ævi eftir ævi eftir ævi.

Gjörðir eru bindandi hinum ósvinna manni. Bondage of matter.



Valkyrja er eina gjörðin sem ekki bindur, en það vita nú fáir.

Hún fæddist um leið og mannkyn.

Oh þær eru svo fallegar þessar valkyrjur að allur máttur er úr manni dreginn. Ég bara þoli þetta ekki!



-- svona aftur og aftur!!

Skilurðu? Vítahringur

gjörða,


áhrifa þeirra,

nýrra hugmynda sem litast af áhrifum fyrri gjörða (oft ómeðvituðum),
svo framkvæmdar

-- og -- þar af nýrra duldra áhrifa!


Dúllurnar neðst á vítahring Smyndinni hjá mér (hjá fræjaskúffunni í hjartanu) tákna ævi eftir ævi eftir ævi.

Áhrif gjörða lifa af dvöl hjá Helju (13.), því UrðurVerðandiSkuld eru minnugar.



einsog í nestismyndinni

...




og í þessari: fæðist maður í fyrsta sinn:


dröslar paradísargirðingunni með sér inní mannlíf,
api með mannlegt taugakerfi!!!

Og þessi mynd:

margmilljón líf sem dýr í paradís, Óðinn Hæfir Lóður bíða spenntir:




-- og áhyggjufullir(!)
Óskópnir er framundan.



Samsagt

vítahringur -- vont verk hryllingur



-- gott verk og koppur/dolla

Sama hvort gjörðir eru slæmar, góðar, eða voðavondar,
Áhrifin litast af ferlinu ómeðvitað einsog það var.

Hvatinn er ómeðvitaður þegar ný hugmynd fæðist (fyrri reynsla).


Hvatinn er í hjartanu og spírar í laumi.

Næsta hugmynd mannsins er ekki frumleg fyrir fimmaur.

Fræin eiga hlut að máli þegar hugmynd fæðist.

Hann er í viðjum efnisheimsins. Það er ósvinna.

Stórkostlega flott hringekja. Karrúsell lífsins í ósvinnunni.
Heitir á frönsku carrousel. Vo vo flott, ma'r.



Menn verða ofsaglaðir í veraldarleiknum sínum útaf einhverju atviki,
eða ofsalega mikið á bömmur vegna einhvers sem kemur fyrir,
og það er rútsíbaninn minn.

Allt veraldlegt breytist fyrir eða síðar.


„Svona upp og niður“ er kjörorð í þessum bransa.

Jafnvel:

„Jafnvel uppar fara niður“ (segir Matteus 25.41, 25.46)



Einherjarnir eru farnir að vinna fyrir móður náttúru eingöngu,
vinna fyrir alla menn,
eru óeigingjarnir,
lífa til að hjálpa framþróun, þundarflæði (28.)
og eru ekkert yfir sig hrifnir þegar þeir fá koppinn,
eru ekkert að veifa verðlaunadollunum,
bara lígeglaðe hvað sem á gengur,



Því þeir halda/vita, að Gunnarnir (3.) eiginleikar náttúrunnar (36.) og skapanornirnar (33.) hafi ráðið öllu, eru stikk frí, horfa á allt útum gluggana á Valhöllu, ótti og reiði og glingurfíkn hefur yfirgefið þá, orðnir Muninn:

वीतरागभयक्रोधः स्थितधीर्मुनिरुच्यते वीत्रागभयक्रोधह स्थितधीर्मूनिरुच्यते
Bhagavadgíta 2.56




Algjört englapiss þessir einherjar

!!

Því miður eru áhrif gjörða mismikil.
Huginn og Muninn, og einherjar, sleppa alveg. (30.)

Áhrif af atvikum fara eftir vitundarstigi manna:
Þeir á lágum vitundarstigum taka allt nærri sér, og áhrifin eru langæ, einsog rák sé rispuð í stein, og veðrast seint og illa af.



Hinir tærari (31., tært taugakerfi) gera ekki mikið úr hlutunum,

einsog rák sé sett með puttanum í vatnsflöt. Fljótt að jafna sig.

Einherjar eru ekki móttækilegir fyrir áhrifum,
einsog rák með fingri sé gerð í loft.

Sko:

* Þeir sem eru með gruggugt taugakerfi sitja uppi með djúp sár eftir hvert leiðindaatvik. Montnir af glansnúmerum sínum.

Rétt einsog grópað sé í grjót, og veðrast ekki fljótt.

* Þeir sem eru með nokkuð tært taugakerfi eru fljótir að jafna sig,
einsog fingri sé stokið í gegnum vatn, sem svo gárast smávegis og jafnar sig brátt.

* Þeir menn sem eru í Valhöllu taka inná sig hnjask og atvik einsog fingri sé strokið gegnum loft.

Ekkert að sjá um ummerki og áhrif á manninn.

Ég set þetta hér á ensku svo allir heims menn skilji:

impressions

when impressions leave a mark as if carved into a stone, the nervous system is not quite pure,
hmmmm?

if incidents have the effects on our nervous system as if we have made a stroke with a finger in a bowl of water, we are better off,

the mark that we see when striking a finger through air is what should be sought after for a state of nervous system

impressions leave a mark, that becomes the seed and fuel for future desires, which correlates with and fuels new ideas, that we carry out not knowing that we are under the sway and influence of impresssions from past doings/deeds

all this is in the sphere of þursamegir III ámáttkrar mjök

(3 thurs-sons of the super-powerful one, i.e. 3 guna (qualities) of mother Nature).

On the other hand, in the sphere of tívar, in the sphere of life beyond human thoughts and individual consciousness, tívar play happily in tún/dynamic.

Ullur stands for: By the raft of knowledge alone we can pass over all sinsþ

Sin, and how to become pure, is what our beloved goddess Syn stands for; (see book #6).

She denies and refuses all impurities allowing only for satt/sattva; Syn is satt/sattva and sin in combination indicating her importance as a "sieve" or a "filter" of impurities.

Svo mörg voru þau orð.

(Menn halda að orð séu til alls fyrst, en það er haugabull. Ég er ekkert að leiðrétta það neitt, því ég nota m.a. orð til að plata fólk.)

Menn hafa oft ekki hugmynd um að Urður Verðandi og Skuld eru bara að senda þeim gamlan póst sem þeir sjálfir lögðu í póst til sjálfra sín fyrir löngu.

(EKKI vera neitt að sjá í skræðu 33 um örlög; ég gæti glatað viðskiptavinum á þannig fræðslu og skilningi. Þetta er eitthvert þrugl um að fræ sem sáð er verða að pakkasendingu.

Eitthvert SanktaPéturs syndaregister við gullna hliðið, eða þannig, Svo sem sáð er þannig verður og uppskeran.)



(33.)

Menn verða pirraðir útfí allt í kringum sig,
nú eða telja sig heppna eftir atvikum.
Sumir kenna eða þakka þessum tækis-Guði. Grazie, Dio,
og vita ekki hvaðan sendingarnar koma né hver lagði þær í póst í upphafi,
og þar eð hann þessi Guð er svo tækifærissinnaður og mislyndur og
duttlungafullur, verða sumir bara að kyngja því sem að höndum ber í sinni trú og
trúgírni.
Grazie, Dio.

Flámælti karlinn var æðislega pirraður og öskraði: -jög ör svo perraðör!!

Einn gamall bóndi á Íslandi var að heyja og þá kom rigning. Hann steytti hnefann
upp í átt að himninum og regnskýjunum og æpti: -þú nýtur þess, Guð, að ég næ
ekki til þín!

Það er góður grundvöllur fyrir mína starfsemi. Ekki hvað síst að þakka rangri
innprentun síðustu alda um að maðurinn eigi aðeins eitt líf (eina ævi) á jörðu.
Þetta veldur ómældri þjáningu og vonlausu stressi. Mín viðskipti blómstra.
Ég er með snuð handa þeim þjáðu.

Kúnnar mínir eru bæði letingjar og duglegt fólk, fólk úr öllum stéttum, heimskt og
gáfað, bara ekki á háu vitundarstigi.
Sumir eru góðir,
sumir góðir með sig,
sumir friðsamir, aðrir árásargjarnir.

Sumir telja vinnuna það sem beri að lifa fyrir til að eiga pening.

(Ekki lesa 37.skræðu um vitundarproskamenntun;
það vesen eyðileggur nefnilega vinnualkana fyrir mér,
og vinnubrælamenntunina
og kaup- og peningastýrða menntun.)

Svo eru sumir grautfúlir í vinnunni:
brandari:

1 stutt hringing tákna: í kaffi/í mat,
6 langar hringingar: kaffitími/matartími búinn, aftur að vinna.

Aðrir eru á kafi í heljartaka sérverkefnum einsog grísir,
æstir af spennungi, með nefið í leðjunni,
og sjá ekki lífið og tilgang þess fyrir vinnu og spennandi verkefnum.

Þetta eru sko mínir menn.

Einn menntamaður sagði: -ég er svo upptekin af að lifa lífinu að ég hef ekki tíma
til að velta fyrir mér eilífðarmálunum.

Þetta er sko minn maður. Hann er sagnfræðingur, þessi, og lifir í fortíðinni, og
skilur sem betur fer ekki að komin er sat-yuga.

Sumir trúa því virkilega að hægt sé að afgreiða allt þróunarferlið á einni ævi --
sem auðvitað er haugabull.


Þetta sem nú er kallað trú kom með Guðveldum.

Trúr þýðir í raun tryggun, á traustum grunni, en mér gengur betur að nota
trúgirnina og ofsatrúna -- trúður í stað trúr -- svo við skulum ekkert vera að
leiðrétta sauðina mína.




alveraldlegt haldreipi, maður með merkimiða á sér

Svo fara menn í algjöra steik stundum og halda að nægi að drepa búkinn, fara
yfir kommóðuna miklu. Það er: stúta sér. Kála sér.



fræ í poka yfir kommóðuna miklu

En ég er búinn að setja minnisfræ í poka og binda við, svo þeir dröslast með það
til Heljar, og fæðast aftur í veseneð eða lenda í Niflheimi og volæði.




margar kommóður; þetta táknar ævi eftir ævi eftir ævi. Líkkistan verður bara dragkista, kommóða, og skúffurnar fullar af hverfulu glingri.

Hér liggur fiskur undir steinhissa.



Þeir vita ekki að þeir fara yfir kommóðuna miklu til Heljar og svo aftur í Gunnana og mig!





margar kommóðurnar miklu, milljónir æviskeiða.



Þar lá hundurinn grafalvarlegur, undrandi steinhissa.

Þytur var of Þundar Glitni (þetta skilur enginn, svo ég nota það bara fyrir eitthvert auglýsingasnjallræði sem hentar minni markaðssetningu).

Semsagt blómstrandi og rífandi heimsfyrirtæki hjá mér. Lítið að gera og rúllar að mestu sjálft. Ekki ónýtt það, kerli mín. Og stendur hnífurinn í kúnnanum.



-Ertu virkilega ánægður með þetta!!?
Er engin leið út?
Viltu kannski ekki segja mér það?

-Svo kemur þessi leiðinda Ullur pullur skíta rullur.
Ullur pullur skíta rullur grillar fræin mín.
Einsog Þórspruma úr heiðskírum loftvagni.
Æðandi á skíðum, svokallaður öndurás.



Ég ætti að fara í mál við hann fyrir óheiðarlega samkeppnihætti.
Eyðileggur flotta vítahringinn,
og blessaðir karlarnir og kerlingarnar berrössuð eftir bruna Gymisgarða og
paradísargirðingarinnar. --- Allt Ulli pulli að kenna.



Ullur öndurás brunar um á skíðum og kveikir í ósvinnu
(ekki sjá skræðu 31)
og kveikir í Gymisgördum og brennir þá upp til agna.
(sjá aðeins fyrri hluta Skírnismála, því mér líkar ekki endirinn),

Það er einmitt það sem mitt fyrirtæki byggir á: ósvinna og Gymisgarðar (8.).

-Ertu að meina, Þjóðvitnir, að Ullur sem bál þekkingar, rjúfi vítahring gjörða?
Er þekkingin til þess að koma mönnum úr vítahringnum?
Að komast úr ósvinnu og verða einherji sé einfalt og standi hverjum manni til boða?

-Ég er búin að fá mér slökkvitæki,
ætla að sprauta duglega á Ull, bál þekkingar.....



ó ó ó !!

.....og ég stend af öllum mætti fyrir hlýnunarskeiðinu til þess að snjórinn fari og Ullur verði að labba.
Það hægir kannski á honum, öndurásnum pýróman.

Litla kjaftfora völva spyr nú Ull:



-Ertu að eyðileggja fyrir Þjóðvitni, Ullur?

-Já, eiginlega, vina mín. Ég er bál þekkingar. उल्ल ul.

Þegar menn losna úr vítahringnum verða þeir Huginn og Muninn (30.) og fljúga frjálsir um himin. Himinn er á máli goðsagnanna vitund (14.).




-Vertu nú ekki að tala of mikið við Ull, bjánavölva.
Hann fer bara að monta sig af því að vera Gymisgarðaskemmdarvargur.

Ég vil hafa menn í paradís þar sem þeir skilja ekki mun á réttu og röngu.

Gymisgarðar eru paradisos,
þar lifa skynlausar skepnurnar góðu lífi og eru ekkert að pæla í eilífðarmálunum,
né svo mikið í réttu og röngu og skilningi og svoleiðis óþarfa mannanna áhyggju-
efnum.

Láttu Ull bara eiga sig.
Það er ekkert við þessu að gera.
Hann er bara einsog hann er. Ég er bara svona einsog ég er.

Hver og einn lifir samkvæmt sinni náttúru. Annað er ekki hægt.



(Þjóðvitnir heldur áfram:)

Sjáðu aumingja Óð, Hæni og Lóð þegar aparnir fæðast sem menn.
Sjáðu svipinn á þeim!!! Veiði handa mér!!! Ég mættur á svæðið með framboð
sem mætir eftirspurn. Svo bý ég til gerviparfir, sem er mikil viðskiptabrella --
bissnes-trix. Framboð af glingri fyrir gerviparfir.

Skilningarvitin þrá beituna mína.

Sjáið!

ég er þarna með gúmmulaði handa skilningarvitum apanna minna.



mikil eftirspurn

Þið getið öll séð VHS eða DVD, (t.d. á Þjóðarbókhöfðu) um Eddu vé ása og
fornasið, Óðsmál in fáðu, 18 kafla, og þar er ég, Þjóðvitnir, í löngu viðtali og ég
fer á kostum.

Ég er svo kostulegur.

Óðsmál in fáðu eru einnig í streymi á vefnum á:

<http://www.mmedia.is/odsmal/sogur.html> :

Profundity in edda online (in Icelandic):

<http://www.stud.hum.ku.dk/rolfro/edda19jan.htm>

Profundity in edda online (in English):

<http://www.stud.hum.ku.dk/rolfro/Edda.htm>

Ég er í raunar stórskemmtilegur og snjall, og allir hlusta á mig með athygli.
(--Eða nærri því allir, en ég tala nú sem minnst um þá, sko.)

Vertu ekkert að spyrja Ull um neitt. Hann er svo sjálfumglaður og vill láta dýrðka sig með Ullarhylli.
Ég er hylltur á eigin forsendum af mínum tryggu áhangendum.



(Litla völva snýr sé nú á ný að Ulli á ný með spurningar sínar, fremur Ullar hylli.)

-a-satru अशत्रु þýðir: sá sem engan óvin á ; उल्ल úl eldur
Ullur í Ýdölum (hrútur, 1.; sjá Einars Pálssonar Grímnismál) .



Ýr (sem hefur þrjár rætur)
en úviður er í gömlum kirkjugörðum, mjög gömul tré.
Hann verður holur að innan, manngengur, og endurnýjar sig jafnvel innanfrá.
Talinn vera tré heiðinna manna á helgum stöðum þeirra
-- sem var svo stolið undir kyrkjur.

Litla völva ætlar að spyrja Ull um
ljóðin,
9 galdra góða,

karmasu káshalam कर्मसु कौशलम्
hvernig maður fær meðbyr náttúrunnar til allra góðra verka.


-Hver ertu Ullur?
Er þetta rétt sem Þjóðvitnir segir?

Ég er ekki viss um að ég geti treyst orðum hans.

Hvernig getur bál þekkingar, Ullur, losað mann úr viðjum efnisheimsins?



*Hvernig losnar maður úr Paradís og Gymisgörðum
-- og sér hið guðlega eðli sitt?*



*Hvernig losnar maður við tvíveðrung og andstæður á sviði Gunnanna
þriggja, þ.e. hvernig getur lifandi maður losnað við veröld?*



(Ullur svarar)

-Mennirnir kynda bál þekkingarinnar.
Ekki öðruvísi kyndist bál þekkingarinnar.
Menn bera ábyrgð á því.



Lífinu skyli lifað á sviði hins guðlega grunns alls.
Menn skyldu víkka sig út í alheimsvitund.

nivartadhvam निवर्तध्वम् sóizt (rígved)

losnið við Gunnana þrjá,

nístraigúnyóbhav निस्त्रैगुण्यो भव् (Bhagavad-gíta II45)

Það eitt kallast eðlilegt líf,

og er mönnunum ofur náttúrulegt og áskapað.

Að lifa aðeins í veraldarhelmingi lífsins, er hálf líf.
Grunninn verður að lifa. Ginnungagap er uppruninn,
mennirnir eru það.

Mennirnir eru guðlegar verur,
þótt þeir virki ekki þannig gangandi um í sínum dauðlega líkama.

Raunveruleg þekking um lífið er ekki á bókum.
Til þess að öðlast þekkingu um lífið þurfum við að skilja uppruna þess af
eigin raun
og
finna að við erum hann.

Of oft er kennt hér í heimi að maður eigi að tala um hluti, læra um hluti,
horfa á allt utanfrá.
Gott og blessað svo langt sem það nær.

Það vantar botninn í tunnuna, völvu mín.
Botninn vantar í tilveruna án Glæðheima og veizlu at Ægis hvern dag.

Fræðsla um rétt og rangt er fus eitt ef ekki er kennd tækni til að ná
samaadhi समाधि -- þýðir að halda/festa saman,

tækni til að finna dhyaana (sama orð og dvína, og dá) ध्यान



afskorin blóm, blóm með rót
verða ekki afskorin blóm fljótt næringarlaus,



hvers vegna gröfum við grunn?

Veggur sem er reistur upp en hefur engan grunn, fýkur um koll í fyrstu vindhviðu.

Orðaflaumur, en enginn raunverulegur skilningur.

Þannig kenna kannski hinir óuppljómuðu.

(Sjá 37., vitundarþroskamenntun.)

Þeir sem eru að fæðast núna inn í sat-yuga, munu skilja orðin og merkinguna djúpu.

En hinir uppljómuðu gera einnig mistök í kennslu!



Lýsing hins uppljómaða á hvernig er að lifa Valhöll, virkar ekki sem leiðin þangað fyrir hinn sem er enn á lágum vitundarstigum.

Fái þeir ekki tækni til að sækja Glæðheima heim, stinga sér í Ægi, virka ekki orð og skilningur á þeim með kollinum.

Væntingar og ímyndun verða einar eftir.

Ekki dugar neinum manni að hinn uppljómaði standi uppi á fjallstindi og hrópi: sjáið! Ég er hér! Fagurt útsýni! Ég er kominn upp á topp!



Sá sem er við rætur fjallsins
þarf á að halda leiðarvísi um hvernig best er að klífa.


Ekki eingöngu lýsingu á fjallstindinum og útsýninu þaðan,
heldur
hvar hann ætti að taka sitt næsta skref miðað við þann stað sem hann
nú stendur á.
Hvaða leið er auðveldust og fljótforðust upp á topp. Skilurðu?

Shaňkara kenndi tæknina til að ná dhyaana,
en hún gleymdist fljótt og eftir varð orðaflaumur og lýsingar á því sem
menn vildu ná.

Margir eru að tala og tala, en skilja það vart sjálfir, gera mistök sjálfir,
læra orð og segja þau.

Ef við ætlum að kenna öðrum að ná í Valhöll, verðum við að kenna þeim
tækni sem virkar (27., 31.).

Börnin ættu að læra tæknina strax í bernsku meðan heilinn er að þróast
hratt. (37., vitundarþroskamenntun.)



undirstaðan sem ekki sést skiptir öllu.

Þá finna þau að þau eru það svið sem allt er úr komið: ginnungagap.
Það svið sem öll veröld er í.
Alumvefjandi, er alls staðar í senn, óhagganlegt, hvorki fer né kemur,
aðeins er.

Efni og orka í veröld er hverfult, en við eilíf.

Ef við ætlum að gefa verðum við að eiga mikið. Allt of mikið. Eiga allt.
Þá flæðir yfir alla barma hjartans, og við sem eigum allt erum tær,
ekkert vantar, við gefum.

Shankara kenndi mönnum að öðlast hjarta sem er fullt og yfirfullt af
kærleika,
og huga sem er tær.
Þeir menn eru aflögufærir handa öllum heiminum.

Ef við ætlum að hugsa skýrt og taka réttar ákvarðanir,
kunna ljóðin og 9 galdra góða,
(31.) verðum við að vera tær,
og sjá hið guðlega aðskilð frá Gunnadansinum mikla,
aðskilið frá gjörðum og atvikum í heimi.
Okkur sjálf aðskilin frá hinu veraldlega.
Þá erum við einherjar. Þá erum við uppljómuð.
Það er hið eina eðlilega manninum.
Allt annað er óeðlilegt.

Það sem glepur sýn er maayaa **माया**, ekki raunverulega bitastætt.



Maayaa er þoka og gruggur. Það sem ekki er.

Við sjáum fegurð þess skapaða með augunum okkar. (26.)
Sjáum ekki uppruna alls.

Við sjáum maaya, það sem ekki er, það sem hefur ekki tilveru,
en meðan við sjáum ekki í gegnum maaya teljum við efnið raunverulegt
og hið eina bitastæða.



Veröld virðist auðvitað vera bitastæð og lítt hagganleg.
Hún er ápreifanleg og sjáanleg,

þar eð við sjáum hana með augunum, finnum hana með skilningarvitunum okkar.

Veröld veldur áhrifum á skilningarvitin okkar og er þarmeð til í okkar huga. -- Við sjáum hana jú, ekki satt?

En eitt ber að athuga: skilningarvitin 5 eru gerð til að nema efnisheiminn eingöngu. (26., höfuðskepnur.)



Eðlisfræðingurinn heimsfrægi, maharishi (mikli vitringur), útskýrir með hliðstæðu:

-Tré verður til úr safi.

Stofninn, greinarnar, laufin, rótin, blómin, berin, fræin, er aðeins safinn í raun,

en áhrif maaya eru þau að við sjáum tré en ekki safi.

Svona er nú maayaa.

Brahman, sem auðvitað er og verður brahman, kemur okkur fyrir sjónir sem hin skapaða veröld.

Hún er úr honum er komin.

En skilningarvitin nema ekki Brahman -- nema sem veröldina.

Við sjáum ekki ginnungagap, en við sjáum heiminn skapaða, sem er ekkert annað en ginnungagap sem skapaðar efnis- og orkuagnir.

Nú skulum við athuga:

Það er ekki nóg að læra um þetta

og tala um þetta


og trúa því

og telja það rétt.

Við gætum jafnvel farið að temja okkur viðmót og hugsanir sem eru í raun sviðsetning, ekki ekta, ekki hin raunverulega merking hugtakanna.



Gætum notað orð og hugtök úr guða spjöllum vitandi ekki að þau tákna ekki efnisheims fyrirbæri, ekki sköpuðu veröldina, heldur tívatún, samsvið allra náttúrulögmálanna.



Ekki skyli hinn uppljómaði veita hinum ósvinna allt of mikið af útskýringum um, að í raun eru Gunnarnir þeir að vasast í heimi hér, því hinn ósvinni gæti sagt: ég er ekki að gera neitt, Gunnarnir eru að vasast með mig. Gæti t.d. stolið !!! og verið stíkk frí !! því einhver hafði sagt honum að hann væri í raun aðeins óhorfandi verknaðar. Gunnarnir létu mig stela, gæti hann sagt; ég stal ekkert.

Hver maður er ábyrgur gjörða sinna, en ákvarðanir hins ósvinna grugguga manns eru oft skammsýni marki brenndar.

Hinn uppljómaði er virkur í veröld.

Hans ákvarðanir eru týréttar.
Ginnungagap er virkt þótt það sé vitni, þögult vitni, alls sem gerist.
Þaðan kemur aðeins fullkomið.

Ef ginnungagap hættir að uppihalda heimi, hrynur hann í gapið.

Táknmál villir oft um fyrir mönnum.

Yatinam brahmaa bhavati saarathi यतिनं ब्रह्मा भवति सारथि.
Sá sem hefur ginnungagap sem sinn ekil



Ardjuna og Krishna

Allir ættu að hafa ginnungagap sem sinn ekil.
Vagninn táknar manns líkama
og hvítir hestar Krishna eru altær skilningarvit.
Menn geta lært svona klausur um táknmál utanað,
en skilninginn gæti vantað í
og þekkinguna um hvernig maður fer að því að ná þessu marki.

Það er ekki fyrr en menn eru komnir í Valhöll, sem þeir lifa dyggðir og
dharma sjálfkrafa.
En hvernig kemst maður í Valhöll?



Hún er nær en maður heldur.

Til þessa er tæknin TM og vísindin.
Hraðferð á fjallstoppa andlegs lífs -- á skiðum sem önduræsir og
öndurdísir.

Þegar menn eru komnir á æðri vitundarstig en svefn og vöku,
 farnir að ná fjórða vitundarstiginu, og fimmta, (30.)
 kshanika (stöku sinnum í smátíma) dhyaana (ástand án hugsana),
 eða samaadhi (ek gefinn sjálfum mér í eind),
 nirvana,
 fara menn að sjá í gegnum maayaa, sjá raunveruna.
 Það er Valhöll. (Cosmic Consciousness, CC; 4. og 5. vitundarstig af 7.)



Skreppa frá Gunnunum í Glaðheima,
 skilja mannlega hugsun eftir.
 Einstaklingsvitund sameinast alheimsvitund um stund.
 ksanika dhyaana.

Þetta næst mjög einfaldlega og auðveldleag með TM-ástundun, Iðunni.

TM er skammstöfun á transcendental meditation, sem er fjórða
 vitundarstig manns, engin mannleg hugsun, maður hnýsist niður,
 einstaklingsvitund gefin í alheimsvitund.
 TM er samsviðstækni og -vísindi.



Iðunn gefur Braga epli,

ódáinsfæðu.


Æðra vitundarstig næst með reglulegri iðkun TM samsviðstækninnar.

Brynhildur svefnþorni stungin, engin framför á þróunarbrautunni.

Á næstu mynd er einnig maður (brosandi í mayu-þokunni) sem lifir fyrir það sem skilningarvitin geta fært honum.

Rauðu bylgjustrikin tákna leit skilningarvitanna að veraldarfusi, svöru doppelgänger tákna það sem þau finna í veröld handa huganum.


Syn (sjá 6.) synjar svona 100% efnisheimslífi sem synþ.



Sá sem stunginn var svefnþorni eins og Þyrnirós og Brynhildur, verður brátt, með iðkun TM, alvakandi og sjáandi, tær og fullkominn.



Einn saklaus ástarkoss vekur okkur af doða og Þyrnirósarsvefni. TM-tæknin dýpkar hugann,



hugsunin verður tærari og tærari við iðkun.


Heilinn nýtist æ betur eftir því sem streitan og gruggurinn hverfur (31.).

Tæknin TM verður að lærast rétt og notast rétt,
hún er fingerð og einstaklingsbundin í alheimseðli sínu.

Ekki er nóg að uppljómaðir lýsi því sem þeir hugsa og sjá.

Orð hinna uppljómuðu skiljast þegar samsviðstæknin er iðkuð og menn verða tærir. (31.)

Þá skiljum við að æsir þóttu goðumlíkir og að fylgði þeim friður.
Þá skiljum við að friður er innan mannanna. (16., 38.)



© GlobalCountry

Þangað til er verið að rembast við að lifa eftir lýsingu á fjallstoppnum.



Menn nota vísindalega sannreyndu tæknina TM til að ná nirvana, og afleiðingin er réttar gjörðir, réttar ákvarðanir, frampróun á auðveldan hátt.

Við heyrum um þetta í Hávamálum -- ef við skiljum, ef við viljum skilja.

Heiðingjar, búddar og allra siða menn, allra trúarbragða menn, samtals milljónir manna um allan heim, nota TM til þess að verða Síðhettir, Siddharta (39.), -- með tærleika sinn að meginmarkmiði lífs síns.

Því miður var talið að nóg væri að vera góður, að góð hegðan leiddi til nírvana.

Shankhara kenningum var því miður á haus snúið, því það er iðkun, og það að ná nírvana, sem, í tímans rás, gerir hugsanir og hegðan réttar.

Réttar gjörðir leiða ekki til uppljómunar, en uppljómun leiðir sjálfkrafa til réttra gjörða.


Réttar gjörðir eru þó góður ásetningur.

Þegar menn uppljómast, þá hætta þeir einnig að láta glingur skilningarvitanna teyma sig á asnaeyrunum um allar trissur.

Framtíðin er í höndum mannanna sem lifa á jörðu hverju sinni. Menn skapa framtíðina. Framtíðin mótar ekki menn ef þeir sóast og lifa æðri vitundarstig.

Mennirnir kynda bál þekkingarinnar. úl, Ullur उल्लू

Aðeins mennirnir hafa þekkinguna og skilninginn. Það er hið dýrmætasta mannlega.



Valkyrjan fæddist um leið og Askur og Embla.
Ef við ekki stundum okkar valkyrju, sköpum við slæma framtíð.

nivartatvam निवर्तध्वम् þýðir: þú skalt nýsast niður.

Vertu án Gunnanna þriggja tvisvar á dag alla ævi: nistraigunyo bhav

निस्त्रैगुण्यो भव् (bhagavadgíta II 45, 48)

og framtíð góða muntu skapa þér
og veröld alla bjarta og góða gera.

Tilhlökkunarefni.



-Leiðinlegur alltaf þessi Ullur pullur!

Væminn!

Gersamlega óþolandi!



(ég reyni alltaf að hafa síðasta orðið)

og hún Maayaa mín er yndisleg -- finnst mér!! माया

Ég er að gera menn ánægða með það þróunarstig sem þeir lifa,

og þeir sjá ekki neinn tilgang í þessum eilífðarmálapælingum !!

Menn verða jú að lifa sitt vitundarstig -- ekkert blöf um að vera eitthvað annað og meira en þeir eru, ha??



Ef menn eru að tala um ginnungagap, og útskýra vo vo mikið ginnungagap, segi ég bara:

-Ha? Ginn hvað? Ginn og greip?

Með sítrónusneið á glasbarminum eða ekki?

Ginnrúnar, ha? Er það nýr sjúss?

Heiðruna rono, ha? nýr rónasjúss hjá Rúnu og Heiðu, heið!



Ha ha he he hí hí ho ho ha ha he he hí hí ho ho ha ha he he hí hí ho ho



ISBN 978-9935-409-03-4

Þekkingin mikla sem finna má í þessum Óðsmálum inum fornu kemur frá maharishi mahesh yogi, heims mesta eðlisfræðingi og kennara, frá vishva (heims) shanti (friðar)

raastram (ríkinu), विश्व शान्ति रास्त्रम् . महर्षि maharishis hugmynd er að finna सनातन धर्म sanaatana dharma (hið eilífa sem uppi heldur) í menningararfinum okkar.

Þekkingin er ægidjúp og spannar hið veraldlega og samhitaa /ginnungagap /samsvið allra náttúrulögmála /„stjórnarskrá alheims“. Aðeins skilningur á þessu hvoru tveggja til samans getur borið nafnið þekking. Úr hinu óskapaða kemur allt hið hverfula.

Með iðkun samsviðsvisindanna og -tækninnar er unnt að öðlast þessa 200% þekkingu.

Lifa 200% lífi, पूर्णमदः पूर्णमिदं.... puurnam adah puurnam idam... आचरिवद् aaschariavat (undur) er grundvallarraunveran kölluð (stofn -char frb.tsjar), a-char, hið óhagganlega. Undur raunverunnar eru torræð inum grugguga manni -kölluð „Mystics of Reality”-,

auðskilin inum tæra manni: „ek em ginnungagap”. अहम्ब्रह्मस्मि aham brahmasmi.

Til heilla er í lífi hvers manns að kynnast þekkingunni miklu af eigin raun. Sjálfur leið þú sjálfan þig. Ég gefinn sjálfum mér. Til þess er samsviðstæknin TM, auðlærð og einföld, eðlileg, náttúruleg -- og nauðsyn hverjum manni í daglegu lífi.

Iðkun samsviðstækninnar og -visindanna, TM®, gerir taugakerfi manna tært, hugan skarpan, flýtir þróun einstaklinga og veraldar í átt til fullkunnunar, gerir 192 ríki heims sjálfstæð friðsöm fullvalda: Friðsamir einstaklingar, friðsamar þjóðir, friður í heimi. Fullkomið samræmi þjóðarvitundar hverrar einustu þjóðar á jörðu veldur friði. Við heyjum frið með visindum og tækni sem maharishi kennir. (globalcountry.org)

Siðþekking er að þekkja forna sið og dýpt hans, að þekkjast forna sið og lífa þundarflæði í sátt við náttúrulögmálin, hverra forsetar guðin okkar eru. Ekki kann góðri lukku að stýra að stríða gegn lögmálum náttúrunnar. Það skiljum við sem forna sið þekkjumst.

Eigin menning þjóða, upprunaleg í umhverfi sínu, upprunaleg meðal fólksins, er til heilla sé hún í heiðri höfð. Aðflutt menning, hversu „samvinnuð“ sem hún kann að vera sögð --til að afsaka eða réttlæta hana-- er rótlaus á rótföstum meiði og tærri þekkingu forfeðranna. Séu aðfluttar skoðanir taldar „samvinnnaðar“ íslenzkri menningu, þarf að skilgreina upprunalega íslenzka menningu í því samhengi. Það er ætlun Óðsmála.

Hver þjóð ætti að lífa sinn forna eigin sið स्वधर्म (svadharma). परधर्म (paradharma), annarra þjóða kerfi sem þröngvað er uppá þjóð, býður æ heim hættu.

Við skulum skilja launsagnir og táknmál okkar ómetanlega fagurra menningararfs. Við þurfum skilning á ginnhelgum svinni, skulum nema upp fimbulrúnir, og þurfum að geta lífað ið hulda Mímisbrunnisdýpi tilverunnar áreynzlulaust ásamt vöku og svefni, í leik og í starfi. Þaðan kemur meðbyr. Ljá skulum við auga að veði til að öðlast Mímis vizku og minni.

Tæknin til að „nýsast niður“ gerir okkur kleift að taka aðeins Týréttar ákvarðanir í þróunar átt, í flæði með Þundu.

Við þurfum að komast í Valhöll sprelllifandi og sem fyrst á þessari okkar ævi.



Óðsmál in fornu 40 Kálfholtslækjarhljóð Goþrún dimmblá
Guðrún Kristín Magnúsdóttir
